

132. Þingflokksfundur, mánudaginn 19. október kl. 13.

Fundinn sitja: Ásta, Björn Leví og Helgi Hrafn. Alla og Birgitta eru á þingi IPU í Genf. Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Síðasta fundargerð

Samþykkt af viðstöddum.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Björn Leví mun eiga orðastað við fjármálaráðherra um mat á verðbólguáhrifum kjarasamninga opinbera starfsmanna.

3. Störf þingsins

Berglind skráir þingmenn í vikunni.

4. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi Hrafn brífaði af fundi þingflokksformanna og fór yfir þinghald vikunnar.

5. Bréf af forsætisnefndarfundi

Helgi Hrafn gerði grein fyrir því sem fram fór á fundi forsætisnefndar í morgun.

6. Bréf af nefndarfundum

Helgi Hrafn fór á fund utanríkismálanefndar sl. föstudag þar sem 91. mál, um alþjóðlega þróunarsamvinnu á Ísandi ofl. (aukin skilvirkni, skipulag, Þróunarsamvinnustofnun Íslands), var til umræðu. Ásta fór á fund efnahags- og viðskiptanefndar í morgun þar sem til umræðu var 172. mál., um nauðasamningagerð slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja.

7. Upplýsingabeiðni Halldórs Auðar

Svörin eru komin.

8. Fundur með lækna ráði á föstudaginn

Helgi Hrafn fer á föstudaginn og heldur fimm mínútna erindi.

9. V/þátttöku í rannsókn

Berglind sendir erindið á Jón Þór.

10. Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og samtök kvenna í nýsköpun koma á þingflokksfund á miðvikudaginn.

Berglind bókar færeyska herbergið.

11. Önnur mál

Ásta verður líklegast erlendis frá 4. til 13. nóvember vegna ráðstefnu um höfundarétt auk annarra funda. Sigurbjörg myndi þá koma inn sem varamaður. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl.13.45.